

Ed.

837. Nefndarálit

um frumv. til l. um breyt. á l. nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Nefndin hefur ekki orðið sammála um afgreiðslu þessa máls. Meiri hlutinn vill vísa frumv. frá með rökstuddri dagskrá, en undirritaður leggur til, að frumv. verði samþ. eins og það hefur komið frá neðri deild.

Um skeið hafa verið uppi háværar raddir um það að stækka íslenska landhelgi mjög verulega frá því, sem er. Án efa er Íslendingum mikil nauðsyn á því að koma slíku fram. En því fremur ættu menn að vera sammála um hitt, að ekki megi þola yfirtroðslur veiðiskipa, erlendra né innlendra, í þeirri allt of þröngu landhelgi, sem nú er, heldur beri að setja mjög hörð viðurlög við slíkum brotum og fylgja þeim fram, svo sem lög standa til.

Frumv. þetta miðar að slíku, og legg ég því til, eins og fyrr segir, að það verði samþykkt.

Alþingi, 13. maí 1947.

Steingr. Aðalsteinsson.